# Menntun fyrir alla á Íslandi

- Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar í leik-, grunn- og framhaldsskólum
- Samþykktar aðgerðir

„Orðið ***menntun*** er ekki aðeins notað um lærdóm á tilteknum sviðum eða nám í einhverjum námsgreinum, heldur líka um ýmsa mannkosti eins og smekkvísi, hagleik, víðsýni, yfirsýn yfir margar fræðigreinar og ratvísi um heim vísinda, tækni, félagsmála og menningar.“ Atli Harðarson, heimspekingur

# Úttekt Evrópumiðstöðvar um menntun fyrir alla á Íslandi.

Byggir á vinnu starfshóps 2013 - 2015 sem vann að úttekt á framkvæmd stefnunnar um menntun án aðgreiningar



Aðferðin fólgin í tveimur lykilverkefnum:

- ✓ Framsetningu á æskilegum viðmiðum um menntun án aðgreiningar sem innlendir aðilar koma sér saman um
- ✓ Söfnun gagna af hálfu Evrópumiðstöðvarinnar til að meta hvernig núverandi stefnumótun og framkvæmd þjónar settum viðmiðum

Tímasetningar:

Nóvember 2015 - samningur milli MRN og Em

2016 – unnið að úttekt

Mars 2017 – niðurstöður kynntar

Maí 2017 – stýrihópur hefur störf

Ágúst 2017 – aðgerðaráætlun samþykkt




**Kerfislíkan af stuðningi við menntun án aðgreiningar**

## Kerfislíkanið er byggt á þeirri hugmynd að áhugi og árangur nemenda ráðist af fjórum tengdum kerfum.

- **Nærkerfi** – leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli, aðstandendur og nærsamfélagið
- **Miðkerfi** – tengingar í nærkerfi, samskipti um nemandann
- **Stofnanakerfi** – félagslegt umhverfi sem nemandi hefur sjálfur lítil bein samskipti við
- **Heildarkerfi** – almennt samfélagslegt, menningarlegt og lagalegt umhverfi

# Styrkleikar skólakerfisins

- Allir sammála um að mikilvægt sé að vinna að menntun án aðgreiningar
- Gildandi lög og mörkuð stefna mynda sterkan grunn
- Samhugur er meðal allra um kosti þess að byggja aðalnámskrá á tilteknum grunnþáttum



- Umtalsverður sveigjanleiki er í skólakerfinu og því svigrúm til að innleiða nýjungar
- Íslenska skólakerfið tiltölulega vel fjármagnað
- Vel útfærður rammi viðmiða um gæðamenntun
- Mikill skilningur allra á að mikilvægasta lyftistöngin til að auka gæði menntunar er fagleg starfsþróun starfsfólks skóla

# Helstu niðurstöður úttektar

- Mismunandi skilningur er lagður í hugtakið menntun án aðgreiningar
- Núverandi löggjöf og stefnumótun felur í sér stuðning við markmið og áherslur skólakerfis án aðgreiningar
- Starfsfólk á öllum stigum skólakerfisins hefur ekki notið nægilegs stuðnings
- Flestir telja núverandi tilhögun fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár hvorki taka mið af jafnræðissjónarmiðum né hugmyndum um skilvirkni
- Núverandi stjórnunarhættir og samstarf styðja ekki nægjanlega við menntun fyrir alla
- Efasemdir eru um að grunnmenntun og/eða tækifæri til faglegrar starfsþróunar nýtist sem skyldi til undirbúnings fyrir skólastarf án aðgreiningar

# Nokkrar niðurstöður sem snerta kerfislægt samstarf um menntun fyrir alla



Leysa þarf úr „núverandi ágreiningi“ um skilgreiningu á menntun án aðgreiningar.

Skýra þarf hlutverk og ábyrgðarsvið einstakra hópa skólasamfélagsins.

**Bent er á á svonefnd „grá svæði“ sem einkennast af því að óljóst er hvaða stjórnvald, á landsvísu eða í sveitarfélagi, ber ábyrgð á framkvæmd í málaflokknum.**

Gott óformlegt samstarf er á milli einstaklinga og hópa sem vinna hjá mismunandi stjórnvöldum og stofnunum ríkis og sveitarfélaga.

Erfiðleikar tengjast formlegu samstarfi. Mörgum þykir sem stofnanir ríkis og sveitarfélaga hafi enga skýra sameiginlega mynd af því hvernig samstarfi þeirra eigi að vera háttað.

# Tillögur til úrbóta sem tengjast úttektinni

- Tryggja að allir í skólasamfélaginu líti á skólastarf án aðgreiningar sem grundvöll gæðamenntunar fyrir alla nemendur
- Tryggt verði að löggjöf og stefnumótun stuðli að uppbyggingu menntunar án aðgreiningar
- Mörkuð stefna á sviði menntunar án aðgreiningar verði nýtt til að festa í sessi stjórnunarhætti og gæðastjórnunaraðferðir
- Taka verður upp sveigjanlegar reglur um ráðstöfun fjármuna sem auka hæfni kerfisins
- Byggt verði upp, bæði í grunnmenntun og í formi faglegrar starfsþróunar námsframboð fyrir starfsfólk
- Aukin verði geta stuðningskerfa á öllum skólastigum
- Efld verði geta allra sem starfa á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi til að ígrunda og framkvæma dagleg störf sín

„Það er skýr afstaða þeirra sem sinna menntamálum, á öllum stigum kerfisins, að draga beri úr vægi fjárveitinga sem ráðast af greiningu á einstaklingsbundnum sérþörfum í námi og taka þess í stað upp sveigjanlegri fjárveitingareglur sem gefa skólum meira svigrúm til að bregðast við þörfum nemendahópsins í heild“

Umræður meðal þeirra sem vinna að mennta-málum um hvernig best verði staðið að menntun án aðgreiningar

„Fulltrúar allra hópa skólasamfélagsins hafa kallað eftir ítarlegri leiðsögn um lág-marksþjónustu sem hafa mætti til hliðsjónar við framkvæmd stefnunnar um menntun án aðgreiningar í öllum skólum og sveitarfélögum“

Athugun og endurskoðun á núverandi fjármögnun

Samkomulag um reglur um lágmarksþjónustu til stuðnings menntun án aðgreiningar í öllum skólum

**Þrjár mikilvægar og nátengdar lyftistangir fyrir þróunarstarf í skólakerfinu**

# Samþykktar aðgerðir - meginmarkmið



# „menntunfyriralla.is“

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS | VERKEFNI | EFST Á BAUGI | GÖGN | RÁÐUNEYTI | RÍKISSTJÓRN | EN

Verkefni | Menntamál | Menntun fyrir alla

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ




## MENNTUN FYRIR ALLA

er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis, velferðarráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Skólameistarafélags Íslands, Háskóla Íslands fyrir hönd kennaramenntastofnana og Heimilis og skóla.

# Fræðslu- og umræðufundir um menntun fyrir alla og menntastefnu 2030




- Mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að setja af stað mótun mennastefnu til 2030.
- Leiðarljós nýrrar menntastefnu á öllum skólastigum verður gæðamenntun fyrir alla.



## Fundaröð um landið september – nóvember

Tveir fundir á hverjum stað

- **Fyrri fundurinn** verður með forsvarsmönnum sveitarfélaga og ábyrgðaraðilum málaflokka mennta-, velferðar- og heilbrigðismála ásamt fulltrúum aðila í stýrihópi
- **Seinni fundurinn** verður með fulltrúum kennara og frístundafólks, stjórnendum leik-, grunn- og framhaldsskóla, fulltrúum foreldra, skóla- og félagsþjónustu og forstöðumönnum skóla-, fjölskyldu og frístundamála í heimabyggð

# Fundarstaðir, dagsetningar og fjöldi

| Svæði | Fundarstaður | Dagsetning |
|---|---|---|
| Suðurland | Árborg | Mánudagur 3. september |
| Suðurland | Suðurland | Þriðjudagur 4. september |
| Vesturland | Akranes | Mánudagur 10. september |
| Vesturland | Grundarfjörður | Þriðjudagur 11. september |
| Vestfirðir | Ísafjörður | Mánudagur 17. september |
| Norðurland vestra | Sauðárkrókur | Mánudagur 24. september |
| Hornafjörður | Höfn | Miðvikudagur 26. september |
| Eyjafjörður | Akureyri | Mánudagur 1. október |
| Eyjafjörður | Akureyri | Þriðjudagur 2. október |
| Norðurland eystra | Húsavík | Mánudagur 8. október |
| Reykjanes | Reykjanesbær | Mánudagur 15. október |
| Austurland | Egilsstaðir | Mánudagur 22. október |
| Austurland | Reyðarfjörður | Þriðjudagur 23. október |
| Hafnarfjörður | Hafnarfjörður | Mánudagur 29. október |
| Garðabær | Garðabær | Þriðjudagur 30. október |
| Kópavogur | Kópavogur | Mánudagur 5. nóvember |
| Mos/Seltjarnarnes | Mosfellsbær | Þriðjudagur 6. nóvember |
| Reykjavík | Rimaskóli | Mánudagur 12. nóvember |
| Reykjavík | Seljaskóli | Þriðjudagur 13. nóvember |
| Reykjavík | Árbæjarskóli | Mánudagur 19. nóvember |
| Reykjavík | Laugalækjarskóli | Þriðjudagur 20. nóvember |
| Reykjavík | Hagaskóli | Mánudagur 26. nóvember |
| Reykjavík | Háteigsskóli | Þriðjudagur 27. nóvember |



| Markhópur | Fjöldi |
|---|---|
| Leikskóli og grunnskóli | 1108 |
| Framhaldsskóli | 120 |
| Foreldrar | 439 |
| Skólaþjónusta | 44 |
| Félagsþjónusta | 44 |
| Heilsugæsla | 44 |
| Skólaskrifstofur | 44 |
| Stjórnsýsla | 154 |
| Aðrir | 66 |
| Alls boðaðir | 2063 |



- Mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Velferðarráðuneyti - félags- og jafnréttismál og heilbrigðismál
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
- Samband íslenskra sveitarfélaga

- Kennarasamband Íslands
- Heimili og skóli-landssamtök foreldra
- Skólameistarafélag Íslands
- Háskóli Íslands fyrir hönd kennaramenntastofnana


Takk fyrir